



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi <sup>-/284</sup>  
Erindi nr. P 135/284  
komudagur 21.11.2007

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2007  
Tilvísun: 200711-0003

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiarinu 2007-2008, 5. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiarinu 2007-2008, 5. mál.

Í tillögunni er lagt til að leyfilegur þorskafla fiskveiðársins 2007-2008 verði aukinn um 40.000 tonn þannig að heildarafla þorsks verði 170.000 tonn en ekki 130.000 tonn eins og stjórnvöld hafa ákveðið að tillögu Hafrannsóknastofnunar.

Það er skoðun Alþýðusambandsins að stjórnvöldum beri að ákveða heildarafla út frá vísindalegum niðurstöðum um afkomu stofna. ASÍ hefur ekki forsendur til að vefengja ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Sambandið telur auk þess verulega hættu á að það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir viðgang fiskistofna ef vikið verður verulega frá ráðgjöf stofnunarinnar og leggst því eindregið gegn þeirri tillögu sem hér er til umsagnar.

Alþýðusamband Íslands tekur hins vegar undir áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er kominn í mörgum sjávarbyggðum. Meðal þess sem staðið hefur þeim fyrir þrifum er einhæft atvinnulíf, erfiðar samgöngur, fólksfækkun o.fl. Þá hefur sums staðar farið saman neikvæður hagvöxtur samfara óhagstæðum áhrifum vegna þenslu annars staðar á landinu.

Það er því ljóst að sá vandi sem atvinnulífið víða á landsbyggðinni glímir við stafar ekki einungis af tímabundinni skerðingu þorskkvótans. Vandinn er djúpstæðari og verður aðeins leystur með því að beita fjölbreytilegum úrræðum jafnt á sviði vinnumarkaðsaðgerða og nýsköpunar svo og með því að tryggja efnahagslegt jafnvægi með ábyrgri hagstjórn.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson  
Hagdeild ASÍ